

spekingar Israels notuðu þessar sögur til að útskýra, og verða því þessar spurningar barnanna fyrir oss, eins og fjarlægt bergmál löngu liðinna tíma. Því tilfelli þetta gæti vel mint oss á það, að ýmsar fornar ráðgáttur sé enn við líði fyrir börn og ýmsa fleiri, lítt þroskaða að skilningi, er margir ætla að sé löngu ráðnar.

En þó er atriði þetta öllu merkilegra með hvaða samanburð það færir oss við liðinn tíma. Fyrir mannsaldri síðan voru spurningar þess, sem nú eru að vefjast fyrir börnum, einhver hin alvarlegustu vandræðamál fyrir hálærða presta og guðfræðiskennara.

Pegar jarðfræðin fyrst kom fram með þann vitnisburð sinn er bæði fjöll og dalir og alt yfirborð jarðar staðfesti, að jörðin hefði verið að myndast um ótolulegar aldaraðir, þá ætluðu margir einlægir kyrkjutrúarmenun að komin væri upp sú versta villa sem heyrst hefði nokkru sinni á meðal kristinna manna. og með því væri árás hafin á sannleiks gildi allrar ritningaráinnar og guðshugmyndinni bygt út úr heiminum.

Þó komust á spektir, með því að komið var þá upp með það, að höfundí Genesis hefði aldrei hugsast að tákna einn „dag“ * sem dægur, með því orði, heldur läng tímabil, og var svo reynt að sameina jarðfræðina við þessar daga aldir í Genesis. En skömmu seinna varð það þó ljóst—hversu vel sem það heppnaðist að samlaga sögusögn jarðlaganna og bóksellanna—að höf. Genesis notaði orðið „dag“ í sinni venjulegu merkingu, sem tákandi fresti milli uppgöngu og niðurgöngu sólar, og varð að leyta nýrrar útleggingsar, því það sannaðist þá líka, að Israels spekingurinn var og heldur ekki hösfundur Gen. sögunnar, en notaði hana að líkindum að eins sem útskýringu á trúarhugmyndun sínum, og að alt hennar gildi er þar í innifalið, að svo miklu leyti sem hún fær gagnað til þess.

x) Í sunnudagsskóla-lexíu blöðum Líth. kyrkjunnar er enn reynt að útskýra orðið „dag“ á þessum stað í Genesis sem tímabil, þvert ofan í það, sem allur hinn mentaði heimur viðurkennir, til þess að vefengja ekki orðin í „hinni alhelgu bók“. Sbr. Internat. S. S. Lessons, Aug. Syn. Phila.